

Til þeirra er málið varðar:

Jóhanna Sigurðardóttir, forsætisráðherra

Ragna Árnadóttir, dómsmála- og mannréttindaráðherra

Álfheiður Ingadóttir, heilbrigðisráðherra

Árni Páll Árnason, félags- og tryggingamálaráðherra

Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu

Margrét María Sigurðardóttir, umboðsmaður barna

## Áskorun til stjórnvalda

Í fréttum Stöðvar 2 þann 30. júlí síðastliðinn var sagt frá því að barn hafi verið sótt með lög-regluvaldi til að koma á umgengni. Næsti kvöldfréttatími Stöðvar 2 fjallaði áfram um málið og þar segir móðirin að lögreglan hafi komið til að handtaka 8 ára gamalt barn.

Í fréttum Stöðvar 2 var einhliða fjallað um málið út frá sjónarhóli móður sem hefur tálmað umgengni árum saman. Hér er um að ræða eitt þekktasta tálmunarmál á Íslandi og eina málið sem farið hefur það langt að umgengni hefur verið komið á með aðför ítrekað. Móðirin lætur ekki af tálmunum þrátt fyrir marga úrskurði þess efnis og þrátt fyrir að fjöldi sérfræðinga auk dómstóla hafi komið að málinu aftur og aftur.

Auðveldlega er hægt að skilja á fréttáflutningi að ákvörðun um að umgengni sé tekin handa-hófskennt af sýslumanni og að umgengni fari fram gegn vilja barns. Slíkur fréttáflutningur í kjölfar úrræðaleyfis stjórnvalda er til þess eins fallin að gera að engu rétt barna til að þekkja báða foreldra sína. Þessi „réttur barna“ til umgengni við báða foreldra verður þá algerlega undir vilja lögheimilisforeldra kominn.

Félag um foreldrajafnrétti hefur farið þess á leit við stjórnvöld í langan tíma að hlífa börnum við þeim hörmungum sem tilhæfulausum umgengnistálmunum fylgja. Víða er umgengnis-tálmun skilgreind sem ofbeldi á barni enda afleiðingar tálmana á börn eins og eftir alvarlegt ofbeldi. Á Íslandi er andlegt ofbeldi lítið sem ekkert skilgreint og þar af leiðir að umgengnis-tálmun hefur enn ekki verið skilgreint sem ofbeldi.

Íslensk stjórnvöld bera samfélagslega ábyrgð á hve illa börn koma út úr umgengnistálmunum!

Félag um foreldrajafnrétti skorar á stjórnvöld

- að skilgreina í lögum tilhæfulausa umgengnistálmun sem gróft andlegt ofbeldi á barni.
- að fjarlægja þann sem beitir tálmunarofbeldi líkt og gert er meðal annars í Frakklandi.
- að flytja forsjá frá tálmunarofbeldisforeldrinu til umgengnisforeldrisins sé það hæft.
- að veita þolendum tálmunarofbeldis sálrænan stuðning til að vinna á þeim skaða sem ofbeldið hefur valdið.
- að biðja þolendur tálmunarofbeldis afsökunar á úrræðaleyfi stjórnvalda hingað til.
- að tálmunarmál fái algeran forgang við rannsókn og úrvinnslu máls.

Íslensk stjórnvöld bera að hluta ábyrgð á því að fréttir Stöðvar 2 snérust um að barn (pólandinn) var tekið með lögregluvaldi, „handtekið“, en ekki tálmunarforeldrið (gerandinn) eins og við teljum eðlilegt í slíku máli. Íslensk stjórnvöld þurfa að gera hreint fyrir sínum dyrum í þessum málum þannig að fjölmiðlum sé það ljóst að tilhæfulaus umgengnistálmun er fyrst og fremst brot gegn barni þar sem gerandinn er lögheimilisforeldrið og pólandur eru barnið, umgengnisforeldrið og fjölskylda barnsins í þann legg.

Allt að tveggja ára fangelsi eru viðurlög við tilhæfulausum tálmunum í Frakklandi.

Núverandi ríkisstjórn hefur sýnt það ítrekað að hægt er að breyta lögum með litlum og nánast engum fyrirvara. Það er borðliggjandi að sé pólitískur vilji fyrir því að vernda börn gegn tálmunarofbeldi þá er hægt að breyta lögum innan fárra daga. Sé pólitískur vilji fyrir því að verja grunnréttindi barns til að þekkja fjölskylduna sína, þá er einnig hægt að breyta lögum innan fárra daga.

Allt sem þarf er vilji. Ábyrgðin er stjórnvalda. Ábyrgðin er mikil.

Virðingarfyllt,

Heimir Hilmarsson  
formaður Félags um Foreldrajafrétti  
gsm. +354 7704555  
[heimir@rokverk.is](mailto:heimir@rokverk.is)

ps.

Áskorunin fer á þau ráðuneyti sem þurfa með einum eða öðrum hætti að koma að þessu máli. Hvert þessara ráðuneyta ber ákveðna ábyrgð á hvernig málum er háttað enda varðar málið breytingar á barnalögum, barnaverndarlögum, hegningarlögum og öðrum lögum svo sem varðandi aðstoð til pólanda ofbeldis. Áskorunin fer einnig á Barnaverndarstofnu sem ber ábyrgð varðandi ráðgjöf og skilgreiningar á ofbeldi. Áskorunin fer einnig á Umboðsmann barna sem ber ábyrgð sem talsmaður barna og á að standa upp gegn tálmunarofbeldi á börnum auk þess sem embættið á að tala fyrir réttindum barna til að þekkja og umgangast fjölskyldu sína.